

## 9. stjórnarfundur EBAK, 15. janúar 2020 kl. 13.

**Mættir:** Haukur Halldórsson formaður, Margrét Pétursdóttir varaformaður, Dóra S. Jónasdóttir gjaldkeri, Hallgrímur Gíslason ritari, Birgir Björn Svavarsson, Garðar Lárusson, Egill Jónsson, Sigurður Harðarson og Torfhildur Þorgeirsdóttir.

**Fjarverandi:** Nanna Þórsdóttir.

1. **Fundarsetning.** Formaður setti fund kl. 13.00.
2. **Fundargerð** til afgreiðslu: 8. stjórnarfundur 16. desember 2019. Fundargerðin samþykkt.
3. **Skráning í dagbók** í viðveru stjórnarmanna á skrifstofu yfirfarin og rædd. Hallgrímur var 18. des. Þrír hringdu vegna félagsskírteina. Dóra var 8. jan. Þau Sigurður voru að afhenda félagsskírteini.
4. **Viðvera á skrifstofu:** 15. jan. Garðar; 22. jan. Birgir; 29. jan. Egill; 5. febr. Torfhildur.
5. **Næsti stjórnarfundur:** Tillaga um miðvikudaginn 5. febrúar 2020 kl. 13:00-15:00. Samþykkt.
6. **Verkefni milli stjórnarfunda:**
  - a) Starfið í Bugðusíðu. Það hafa verið nokkur forföll að undanförunu og er búist við að svo verði eitthvað áfram. Afleysingar er ekki hægt að brúa eingöngu með sjálfboðaliðum. Tillaga kom um að leita til einstaklings í íhlaupavinnu. Starfsstúlkurnar eru á skyndihjálparnámskeiði. Samþykkt að greiða þeim 50% af tímakaupi auk námskeiðsgjalds.
  - b) Jólaglaðningur fyrir starfsfólk og ræstingakonu. Ákveðið var að gefa þeim gjafabréf í Hof. Dóra afhenti starfsstúlkunum 15 þúsund kr. bréf og Kolbrúnu ræstítækni 10 þúsund kr. bréf fyrir sérlega góða þjónustu.
  - c) Dansklúbbur. 35. mættu miðvikudaginn 8. janúar. Lagt var fram bréf frá Halldóri Gunnarssyni, formanni klúbbsins. Samþykkt var að EBAK yrði áskrifandi að Spotify. Tónlist yrði þá hlaðið inn í spjaldtölvu. Þá þarf ekki að kaupa diska þótt netið detti út. Kaupa þarf stand fyrir spjaldtölvu og einnig tösku, því hún er hál í hendi. Sigurður tekur að sér að kanna það mál.
  - d) Hjartastuðtæki. Margrét hafði samband við slökkviliðið og er komin með upplýsingar um tæki. Ákveðið að hún panti eitt slíkt. Aðili í slökkviliðinu hefur lýst sig reiðubúinn til að kenna á tækið.
  - e) Öldungaráð. Fulltrúar EBAK í öldungaráði héldu samráðsfund 14. janúar. Hallgrímur fór yfir helstu atriði sem rædd voru á fundinum. Nauðsynlegt er að bæjaryfirvöld sýni störfum ráðsins meiri athygli. Helst var rætt um stefnumótun, aðgerðaáætlun, samantekt á þjónustu við eldri borgara, mannfjöldapróun, heilsueflingu og húsnæðismál.
7. **Námskeiðahald á vorönn:**
  - a) Matreiðslunámskeið. Málið er í biðstöðu vegna mikillar notkun á eldhúsi VMA. Garðar er með málið í vinnslu og er áætlað að fá námskeið í apríl.
  - b) Skriðsundsnámskeið. Dóra mælti með því að annað námskeið verði auglýst og var það samþykkt.
  - c) Dansnámskeið. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um slíkt námskeið á vegum félagsins.
8. **Málefni notendaráðs.** Bergljót Jónasdóttir kom á síðasta FKR fund og ræddi samskipti á milli notendaráðs og starfsfólks í Víðilundi út frá sinni hlið. Haukur reifaði umrætt mál. Hulda

Eggertsdóttir fulltrúi EBAK í ráðinu mætti á fundinn og útskýrði hlið þeirra sem sitja í ráðinu. Notendaráð er virkara en verið hefur. Það sér stundum um viðburði á föstudagsskemmtunum uppi í Víðilundi og í Pálínukaffi í Bugðusíðu.

9. **Félagsskírteini.** Dóra fór yfir afhendingu kortanna, sem gengur full rólega að mati stjórnar. Auglýsa þarf afhendingartíma í næstu Dagskrá.

10. **Kynningarfundur á vegum stjórnar og fræðslunefndar.** Tillaga kom um þriðjudaginn 18. febrúar. Margrét tók að sér að kanna hvort sú dagsetning getur gengið.

11. **Þátttökuskráningar.** 14.267 komur eru skráðar í Bugðusíðu 1 síðan skráningar hófust 1. júní 2019. 857 komur voru í desember sl.

## 12. Undirbúningur aðalfundar.

a) Mannabreytingar í stjórn. Haukur, Dóra og Margrét ganga úr stjórninni vegna fjögurra ára reglunnar. Garðar gefur kost á sér áfram í stjórn. Egill hættir í varastjórn. Torfhildur er til í að fara upp í aðalstjórn, Sigurður gefur svar fyrir næsta fund.

b) Framkvæmdaráðsfundur með uppstillinganefnd verður 3. febrúar. Óskað er eftir því að stjórn og hver nefnd komi með hugmyndir að nýliðum þar sem þess þarf.

c) Breytingar á samþykktum eru tilbúnar að hálfu stjórnar. Hallgrímur sendir verkefnalista stjórnar fram að aðalfundi með áætluðum dagsetningum í tölvupósti til stjórnarmanna.

## 13. Önnur mál:

a) Hallgrímur sér um að ganga frá skýrslu til LEB fyrir 10. febrúar.

b) Vandamál hefur verið með póstlista vegna ebak.is, vegna rangra netfanga. Garðar ætlar að lagfæra það.

## 14. Fundi slitið kl. 15.00.

Hallgrímur Gíslason ritaði fundargerð.